

Mánudaginn 7. marz 1966.

Nr. 115/1965. **Gunnar Pétursson** (Sigurður Baldursson hrl.)
 gegn

Vélsmiðjunni Héðni h/f

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgreiðsla í slysaförföllum samkvæmt lögum nr. 16/1958.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962, dags. 28. júní 1965. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3.867.60 ásamt 8% ársvöxtum frá 17. janúar 1962 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Áfrýjandi réðst til stefnda í janúarmánuði 1948 og var í þjónustu stefnda, unz hann hinn 3. janúar 1962 slasaðist að íþróttæfingum og varð óvinnufær. Hafði áfrýjandi þá áunn-
 ið sér eins mánaðar uppsagnarfrest samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 16/1958. Í máli þessu krefur áfrýjandi stefnda um laun 14 daga eftir slysið og styður þá kröfu sína við 4. gr. nefndra laga, sem hljóðar svo: „Fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa.“ Lagaboð þetta takmarkast ekki af neinu öðru ákvæði laganna, að því er slys varðar. Á hinn bóginn er svo kveðið á í 6. og 7. gr. laganna, að ákvæði þeirra haggi ekki samningum um greiðslu „atvinnurekenda á sjúkrapeningum til starfsmanna“, að ákvæði samnings milli atvinnurekenda og launþega, sem brjóta í bága við lögin, séu ógild, ef þau rýra rétt launþega, og að haldast skuli „þau réttindi,

sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venjum í einstökum starfsgreinum, ef þau eru launþega hagstæðari en ákvæði þessara laga.“ Með hliðsjón af þessum ákvæðum og þeim sjónarmiðum, sem liggja þeim til grundvallar, eru eigi efni til í máli þessu að beita þrengjandi lögskýringu, að því er varðar nefnda 4. gr., sem samkvæmt fortakslausum orðum sínum tekur í skiptum aðilja til slyss áfrýjanda. Ummæli á Alþingi í sambandi við setningu laganna, sem getið er í héraðsdómi, breyta hér engu um, eins og á stendur, gegnt afdráttarlausum ákvæðum lagatextans.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, á áfrýjandi rétt til fullra launa greint tímabil úr hendi stefnda.

Krafa áfrýjanda er samkvæmt reikningi stéttarfélags hans, Félags járníðnaðarmanna, sundurliðuð þannig:

1. Laun 14 daga	kr. 2.620.00
2. Föst eftirvinna 10 daga, 2 tíma á dag —	896.00
3. 10% yfirgreiðsla	— 351.60

Kr. 3.867.60

Reikningi þessum hefur ekki verið hnekk, og ber stefnda að greiða áfrýjanda nefnda fjárhæð með vöxtum, eins og síðar greinir, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, greiði áfrýjanda, Gunnari Péturssyni, kr. 3.867.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. janúar 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., hefur Gunnar Pétursson vélvirki, Hringbraut 107, Reykjavík, höfðað fyrir bæjar-

þinginu með stefnu, birtri 23. janúar 1964, gegn Vélsmiðjunni Héðni h/f, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3.867.60 með 8% ársvöxtum frá 17. janúar 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda auk hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í málinu, en það hefur eigi tekizt.

Málavexti segir stefnandi þá, að hann hafi ráðizt til vinnu hjá stefnda í janúarmánuði 1948. Hafi hann fyrstu fjögur árin unn-ið sem iðnnemi, en frá því í janúar 1952 sem vélvirki. Um kaup og kjör kveður hann hafa gilt samninga Félags járníðnaðarmanna, er hann sé félagsmaður í, en auk þess hafi hann fengið 10% álag á umsaminn taxta. Hinn 3. janúar 1962 varð stefnandi fyrir slysi á íþróttæfingu með þeim afleiðingum, að hásin slitnaði, og varð hann óvinnufær frá og með 4. jan. 1962 og fram á útmán-uði sama ár.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1958 telur stefnandi sig eiga rétt á óskertu kaupi í 14 daga eftir slysið, en stefndi hafi neitað að greiða kaupið, þar sem slysið hafi ekki orðið við vinnu. Stefn-andi rökstyður dómkröfur sínar með því, að í nefndri lagagrein sé talað um forföll frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa. Hljóti orðið slys að merkja hér slys almennt, en ekki eingöngu slys á vinnustað, þar sem löggjafanum hafi verið í lófa lagið að þrengja merkingu orðsins, hafi það verið ætlunin með lagagreininni.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeim rökum, að orðið slys í nefndri lagagrein eigi eingöngu við slys, er verði á vinnustað eða í sendiferðum starfsmanna í þágu atvinnurekstrarins eða í nauðsynlegum ferðum til og frá vinnu, en hins vegar taki orðið ekki til slyss almennt. Vitnar stefndi í þessu sambandi í bréf frá Vinnuveitendasambandi Íslands, dags. 15. apríl 1964. Þar segir m. a. á þessa leið:

„Vér viljum í þessu sambandi taka fram, að vér álítum frá-leitt, að vinnuveitandi verði kaupgreiðsluskyldur í slíkum til-fellum. Teljum vér, að kaupgreiðsluskylda skv. lögunum eigi ein-göngu við um slys, sem verða, þegar starfsmaður er raunveru-lega í þjónustu vinnuveitanda eða í tengslum við störf hjá hon-um, en ekki, þegar hann er í einhvers konar sjálismennsku, svo sem í íþróttum meira og minna hættulegum, veiðiferðum, bygg-ingum fyrir sjálfan sig o. s. frv. Túlkun þessari á lögunum höf-um vér ávallt fylgt, síðan þau gengu í gildi.“

En það, sem taki þó af öll tvímæli í þessu efni, séu umræðurnar, er fram fóru á Alþingi um frumvarp til laga nr. 16/1958. Hafi frumvarp þetta verið flutt sem stjórnarfrumvarp og aðalræðumaður verið þáverandi félagsmálaráðherra, og hafi það verið álit hans svo og framsögumanna beggja þingdeilda, að hugtakið „bótaskýlt slys“ samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1958 beri að skilja á nákvæmlega sama hátt og hugtakið er skýrt í þáverandi lögum um almannatryggingar nr. 24/1956, en í 30. gr. þeirra laga er það gert á þennan veg:

„Slys er það samkvæmt lögum þessum, ef maður slasast við vinnu, svo að hann deyr eða verður óvinnufær. Maður telst vera við vinnu, ef hann er í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um ferðir sjómanna í erindum í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna.“ Ákvæði þetta sé öldungis samhljóða 29. gr. núgildandi laga um almannatryggingar nr. 40/1963. Það sé þannig vafalaust, að stefnandi eigi ekki rétt á hinu umkrafða kaupi. Sú lagagrein, sem hér skal túlka, er 4. gr. laga nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Lagagrein þessi hljóðar svo: „Fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa.“

Af orðalagi lagagreinar þessarar verður ekki ráðið, hvort orðið slys taki til slysa almennt eða merking orðsins sé þrengri í þessu tilviki. En við athugun á greinargerð (athugasemdum) með frumvarpi til laga þessara svo og umræðum um þau á Alþingi sést, að tilgangur lasetningarinnar hefur m. a. verið að veita tíma- og vikukaupsmönnum sama rétt til kaupgreiðslna í slysa- og veikindaforföllum og fastir starfsmenn höfðu áður notið samkvæmt 86. gr. laga nr. 24/1956 um almannatryggingar. Samkvæmt 30. gr. þeirra laga er slys skilgreint þannig: „Slys er það samkvæmt lögum þessum, ef maður slasast við vinnu, svo að hann deyr eða verður óvinnufær.“

Maður telst vera við vinnu, ef hann er í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá,

enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um ferðir sjómanna í erindum í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna . . .“

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sést, að með orðinu „slys“ er ekki átt við slys almennt, heldur er merking þess þrengd þannig, að það hafi viljað til við vinnu eða í allnánum og eðlilegum tengslum við hana. Stefnandi var hins vegar á íþróttæfingu, er slysið vildi til, sem hér er um fjallað. Verður því ekki talið, að hann eigi samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1958 rétt til neinna launa úr hendi stefnda, og ber að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Gunnars Péturssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 7. marz 1966.

Nr. 139/1965. Óskar Guðmundsson (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn

Jóni Bjarnasyni f.h. Spörtu, Reykjavík
(Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Vixlar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1965 og krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.